

Silja Bára Ómarsdóttir
Eva Marín Hlynsdóttir
Desember 2018

Verkfærakista leiðbeinandans: Bestu venjur á Félagsvísindasviði

Efnisyfirlit

| | |
|-------------------------------|---|
| Efnisyfirlit..... | 1 |
| 1. Inngangur | 2 |
| 2. Markmið verkefnisins | 2 |
| 3. Nálgun | 2 |
| 4. Ávinningur og ágallar..... | 3 |
| 5. Fjárhagur | 3 |

1. Inngangur

Hér er gerð grein fyrir verkefninu *Verkfærakista leiðbeinandans: Bestu venjur á Félagsvísindasviði*, sem við Silja Bára Ómarsdóttir og Eva Marín Hlynsdóttir fengum styrk frá Kennslumálasjóði til að vinna árið 2017. Verkefnið fólst í öflun og vinnslu gagna um leiðbeiningu lokaverkefna á grunn og framhaldsstigi. Í umræðum, t.d. á vettvangi kennslunefndar FVS, hafði komið í ljós að margir kennarar höfðu útbúið sér tæki til að auðvelda sér þá vinnu, en þessi tæki nýttust námsleiðum og – deildum að mjög litlu leyti. Verkefninu var ætlað að bæta úr því með því að búa til gagnabanka sem starfsmenn sviðsins gætu sótt sér góð ráð. Hér verður einkum gerð grein fyrir markmiðum verkefnisins, framkvæmd, helsta ávinningi og ágöllum, og að lokum ráðstöfun styrksins.

2. Markmið verkefnisins

Markmið verkefnisins var að styrkja kennara við Félagsvísindasvið í starfi sem leiðbeinendur lokaritgerða, bæði á grunn- og framhaldsstigi, einkum með áherslu á grunn- og meistaranema. Í kjölfar fyrstu umferðar sjálfsmats vaknaði nokkur umræða um hve algengt það væri að nemendur ættu „bara ritgerðina“ eftir og útskrifuðust því ekki úr námi. Þessu verkefni var því beinlínis ætlað að sporna gegn brottfalli með því að tryggja að nemendur ljúki lokaverkefnum, og þá sérstaklega með því að veita kennurum aðgang að tækjum og tólum til að veita nemendum stuðning í því ferli. Reyndir leiðbeinendur búa margir hverjir yfir þekkingu og innsæi sem þeir hafa ekki alltaf tækifæri til að deila með samstarfsfólki sínu. Þetta verkefni reynir þess vegna að fjölga þeim verkfærum sem kennurum standa til boða við leiðbeiningu, ásamt því að auka burði þeirra og þar með deilda til að hækka útskriftarhlutfall.

3. Nálgun

Sumarið 2017 var starfsmaður, Kristín Stella L'Orange, ráðinn í verkefnið og henni falið að vinna að gagnaöflun og skráningu. Kristín Stella hefur umtalsverða reynslu af eiginlegum rannsóknum á sviði félagsvísinda. Hún vann með kennslunefnd sviðsins, deildarstjórum og –forsetum við að bera kennsl á hentuga viðmælendur fyrir rannsóknina. Kristín Stella tók í kjölfarið tíu viðtöl við reynda kennara á sviðinu, a.m.k. einn við hverja deild sviðsins til að tryggja að ólíkar nálganir að leiðbeiningu og ólíkur tilgangur lokaverkefna kæmi fram í rannsókninni. Kristín Stella skrifaði svo upp viðtölin og afhenti okkur upptökur og uppskrifaðan texta. Á þessum tíma fóru fram nokkrir fundir milli okkar og hennar, til að stilla af viðtölin og huga að því hvernig væri hægt að uppfæra þau í ljósi framkominna gagna. Í kjölfarið þemagreindum við gögnin og tókum saman helstu atriði sem upp úr stóðu. Á grundvelli þessarar greiningar höfum við komist að eftirfarandi:

- Almennt eru leiðbeinendur sammála um nauðsyn þess að finna efni sem nemandi brennur fyrir og brjóta niður verkefnið og gera aðgengileg í ferlinu.
- Leiðbeinendur telja mjög mikilvægt að viðhalda stöðugum tengslum við nemendur á meðan á ferlinu stendur.
- Þeir leiðbeinendur sem hafa reynt það telja það mikinn kost að byggja upp samskipti og stuðning meðal nemendanna sjálfra.
- Til að viðhalda tengslum þá notuðu allir viðmælendur fasta fundartíma og flestir töldu gagnlegt að nota fundargerðir þótt færri nýttu sér það tæki.

- Leiðbeiningarferlið sjálft er mjög misjafnt á milli deilda og á þetta sérstaklega við um hvers formfast það er.

Við höfum kynnt verkefnið nokkrum sinnum við góðar undirtektir haustið 2018, þegar gögnin voru farin að taka á sig mynd. Kynningar fóru fram á Menntakvikunni 2018 12. október, á námskeiði á vegum Miðstöðvar framhaldsnáms 15. október, á kennsluborði Stjórn málafræðideildar í byrjun nóvember, og á námskeiðinu Verkfærakista leiðbeinandans 19. nóvember á Félagsvísindasviði. Einnig vorum við beðnar um kynningu á fundi Kennslumálanefndar Háskólaráðs í desember en sá fundur féll niður en við búumst við að kynna verkefnið fyrir nefndinni við tækifæri. Að auki höfum við rætt verkefnið formlega og óformlega við samstarfsfólk á sviðinu og deilt með þeim frumniðurstöðum. Í ljósi þess hve áhugaverðar niðurstöður viðtalanna eru, þótt þau hafi tekið á sig aðra mynd en við bjuggumst við, og vegna þess hvernig viðbrögð við kynningum hafa verið, stefnum við nú að því að skrifa grein um leiðbeiningu í *Netlu* eða *Tímarit um uppeldi og menntun* og deila helstu lærdómum þannig með stærra samfélagi. Einnig erum við að skoða það að sækja um styrk til að vinna stærra verkefni á þessu sviði.

4. Ávinningur og ágallar

Verkefnið hefur haft þann ávinning að nú liggja fyrir gögn úr tíu viðtölum við reynda leiðbeinendur á Félagsvísindasviði, þar sem þeir deila reynslu sinni, þekkingu og innsæi á leiðbeiningarferlið. Gögnin hafa verið greind og unnin að nokkru leyti, og kynnt fyrir ólíkum hópum starfsmanna við HÍ og víðar. Verkefninu hefur verið vel tekið hvar sem það hefur verið kynnt, og einn áheyrandi á Menntakvikunni taldi að með því að gera niðurstöður aðgengilegar væri komin fram líflína fyrir reynda sem óreynda leiðbeinendur.

Helsti ágalli verkefnisins er að öllum markmiðum hefur ekki verið náð. Við stefndum að því að setja upp gagnabanka á netinu, en niðurstöðurnar eru þess eðlis – lexíur frekar en verkfæri – að við höfum ekki gert það. Í samtali við formann kennslunefndar FVS, Margræti Sigrúnu Sigurðardóttur, hefur í staðinn komið upp sú hugmynd að taka upp á myndband stutt viðtöl við viðmælendur okkar og gera myndböndin aðgengileg á heimasíðu sviðsins. Þannig geta leiðbeinendur sem eru í vanda með tiltekna nemendur leitað sér hugljómunar á einfaldan og aðgengilegan hátt. Þau fáu áþreifanlegu tæki sem komu út úr viðtölunum (samningar, hugmyndaform, matskvarðar o.fl.) verða þá aðgengilegt á sömu slóð eða í hólfi fyrir leiðbeinendur á Uglu.

Ekki er hægt að sýna fram á með óyggjandi hætti að verkefnið muni draga úr brottfalli nemenda með því að tryggja að þeir ljúki lokaritgerðum. Engu að síður er ljóst að það hefur skilað aukinni þekkingu á leiðbeiningarferlinu til starfsfólks Félagsvísindasviðs og aukið möguleika þess á að koma til móts við nemendur með ólíkar þarfir í því ferli.

5. Fjárhagur

Styrkur frá Kennslumálasjóði var 1.200.000 krónur. Honum var varið til að greiða starfsmanni laun, kaupa upptökutæki og í bókakaup til að undirbyggja fræðilegar niðurstöður verkefnisins. Upphæð sem áætlað var að ráðstafa til vefsíðu- og bæklingagerðar verður sett í að taka stutt viðtöl við viðmælendur upp á myndband og gera aðgengileg á vef sviðsins.

Við þökkum Kennslumálasjóði Háskóla Íslands kærlega fyrir fjárhagslegan stuðning við verkefnið, sem var mjög gefandi og fræðandi. Kynningar á verkefninu hafa fallið í góðan jarðveg og ljóst er að kennarar, við Félagsvísindasvið, á öðrum sviðum og við aðra háskóla á Íslandi, telja mikla þörf á umræðu og fræðslu um leiðbeiningu lokaverkefna.